





Klemma tölustafi og telja upp í 10

Fyrir þau eldri 1-10:

- Prentið hringina út í jafnmörgum eintökum og þið óskið. Við höfum prentað þá út í fjórum eintökum og geta þá fjögur börn leikið í einu
- Klippið út hringina, plastið í plöstunurvél og klippið aftur
- Takið 10 tréklemmur, ekki of litlar fyrir hvert spjald og skrifið tölustafi með permanent marker á aðra hliðina og setjið punkta á hina hliðina
- Börnin para svo saman með því að klemma á réttan stað, annað hvort með því að para tölustafi eða með því að telja punktana bæði á klemmu og spjaldi
- Líka hægt að vera með eitthvað eins og t.d. perlur þegar búið er að klemma og setja jafnmargar og punktarnir/tölustafirnir segja til um

Fyrir þau yngri 1-5:

- Prentið hringina út í ca. fjórum eintökum.
- Klippið út hringina, plastið í plöstunurvél og klippið aftur
- Takið 5 stórar tréklemmur og skrifið tölustafina á aðra hliðina og setjið punkta á hina.
- Börnin para svo saman með því að klemma á réttan hluta á spjaldinu.
- Líka hægt að vera með eitthvað eins og t.d perlur þegar búið er að klemma og setja jafnmargar og punktarnir/tölustafirnir segja til um.